



**FUNDARGERÐ**  
**20. fundur Odda bs**  
**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , 23. október 2019**  
**og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Egill Sigurðsson og Valtýr Valtýsson.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson, Sveitarstjóri.

Einnig sat fundinn Klara Viðarsdóttir undir liðum 1 og 2.

**Dagskrá:**

**1. Rekstraryfirlit Odda bs 21102019 - 1910040**

Lagt fram yfirlit um rekstur byggðasamlagsins janúar-september.

**2. Rekstraráætlun 2020 - Oddi bs - 1909072**

Lögð fram og rædd tillaga að rekstraráætlun 2020 fyrir Odda bs. Stjórnin hefur fundað með öllum skólastjórum byggðasamlagsins og farið yfir þeirra áherslur. Rekstraráætlunin gerir ráð fyrir að gjaldskrá Odda bs hækki einungis um 2,5% sem er í takt við tilmæli Sambands Íslenskra Sveitarfélaga um lífskjarasamninga og er undir verðlagsbreytingum. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna Odda bs verði 963.282.000 kr sem skiptist þannig að hlutur Rangárþings ytra verður 820.972.189 og hlutur Ásahrepps 142.309.811. Áætlunin miðar við fjölda grunn- og leikskólabarna þann 1. október 2019 sem er 203 grunnskólabörn og 102 leikskólabörn sem telja 126,7 barngildi. Tillaga um að samþykkja fjárhagsáætlun 2020 fyrir Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

**3. Umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags - 1910012**

Fært í trúnaðarmálabók.

**4. Erindi frá skólastjóra Laugalandsskóla - 1910001**

Ekki liggur fyrir álit frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga. Afgreiðslu erindisins frestað til næsta fundar Odda bs.

**5. Trúnaðarmál 12032019 - 1903017**

Fært í trúnaðarmálabók.

**6. Leiðbeinandi álit um tvöfalda skólavist - 1910005**

*Frá Sambandi Ísl. Sveitarfélaga.*

Lagt fram til kynningar.

BT

MHG

Fundargerð yfirlesin og samþykkt.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30.**

  
Björk Grétarsdóttir

  
Haraldur Eiríksson

  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

  
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

\_\_\_\_\_  
Egill Sigurðsson

  
